

Hafnarfirði, 5. september 2022

Kæru nýnemar og foreldrar/forráðamenn

Þá er þriðja vika haustannarinnar hafin og óhætt er að segja að skólastarfið fari vel af stað. Framundan er ýmislegt sem tengist skólabyrjun. Nýnemum verður boðið í dagsferð í vikunni, fundur með foreldrum fer fram nú um miðjan mánuðinn og í framhaldinu verður haldið glæsilegt nýnemaball í íþróttahúsinu við Strandgötu.

**Nýnemaferð NFF verður að þessu sinni farin miðvikudaginn 7. september** og verður að þessu sinni farið til Þorlákshafnar. Þar verður brugðið á leik, grillaðar pylsur og hópurinn hristur saman. Lagt verður af stað frá Flensborgarskólanum **klukkan 09:00 og komið heim klukkan 15:00**. Mæting í **Hamarssal kl. 08:45** þar sem bekkjarkennarar taka á móti sínum nemendum. Skráning er hafin í ferðina, **athugið að kennsla fellur niður** á meðan á ferð stendur. Um kvöldið verður síðan boðið upp á skemmtun í sal skólans **frá kl. 18:30 og fram eftir kvöldi**.

Fundur með foreldrum nýnema verður haldinn í Hamarssal **mánudaginn 12. september kl. 17:00**. Á fundinum verður farið yfir það helsta sem tengist skólastarfinu en einnig gefst tækifæri til að hitta bekkjarkennara og fá innsýn í námið á fyrsta ári. Formaður foreldraráðs Flensborgarskólans ávarpar fundinn. **Nýnemadansleikur fer síðan fram fimmtudaginn 22. september** og verður dagskrá auglýst nánar síðar.

Með bestu kveðju,

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400/694 7594

